

Starfsreglur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Úthlutunarreglur sjóðsins fyrir umsóknir félagsmanna

1. Umsækjandi þarf að fylla út umsókn, hvort sem er rafrænt eða á eyðublaði, sem nálgast má hjá aðildarfélögum sjóðsins. Umsókninni skal fylgja löggiltur reikningur þar sem eftirfarandi atriði skulu tilgreind:
 - * Námskeiðslýsing
 - * Nafn og kennitala félagsmanns
 - * Nafn og kennitala fræðsluaðila
 - * Dagsetning greiðsluEkki er hægt að sækja um styrk ef reikningur er eldri en 12 mánaða eða gefinn út áður en umsækjandi verður félagsmaður. Allar umsóknir skal senda til viðkomandi stéttarfélags.
2. Til þess að geta sótt um styrk úr sjóðnum þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf mánuðum, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex mánuðum. Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu sex mánaða.

Félagsmaður með laun sem eru jöfn eða hærri en byrjunarlaun á rétt á hámarksstyrk, kr. 90.000, á hverju almanaksári.

Réttindi til styrks reiknast sem hlutfall launa félagsmanns af byrjunarlaunum í 100% starfi á 12 mánaða tímabili. Við útreikning á réttindum er miðað við að lokamánuður ofangreinds tímabils sé tveimur mánuðum áður en umsókn berst.

Ógreidd félagsgjöld einyrkja mynda ekki réttindi.

Dæmi um útreikning og ákvörðun tímabils:

Umsókn berst í júní 2016. Tólf mánaða viðmiðunartímabil er júní 2015 til maí 2016. Byrjunarlaun 12 mánaða viðmiðunartímabils eru kr. 234600 * 7 (júní 2015 – des 2015) + kr. 249.600 * 5 (janúar 2016 – maí 2016) = kr. 2.890.200

Dæmi 1

Laun félagsmanns kr. 300.000 * 12 = kr. 3.600.000

Réttindi kr. 3.600.000/2.890.200 = 124,5% lækkað í 100%

Hámarksstyrkupp hæð kr. 90.000

Dæmi 2

Laun félagsmanns kr. 120.000 * 12 = kr. 1.440.000

Réttindi kr. 1.440.000/2.890.200 = 49,8%

Hámarksstyrkupp hæð kr. 90.000 * 49,8% = kr. 44.841

Athugið að tölur í dæmunum breytast samhliða breyttum launakjörum í nýjum kjarasamningi hverju sinni.
3. Sá sem greiðir félagsgjald og er atvinnuleitandi, í fæðingar- og foreldraorlofi heldur réttindum sínum á meðan félagsgjöld til stéttarfélags berast.
4. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar halda fullum rétti í 12 mánuði frá því að greiðslur til sjóðsins hætta að berast og 36 mánuði í tómstundastyrk. Réttindi miðast við síðustu greiðslur sem berast í sjóðinn.
5. Starfsmenntastyrkur: Veittur er starfsmenntastyrkur að hámarki kr. 90.000 á ári, en þó aldrei hærri en sem nemur 75% af námsgjaldi/þátttökugjaldi. Ekki er veittur styrkur vegna gistingar né uppihalds tengt starfsmenntuninni. Undir starfsmenntastyrk falla starfstengd námskeið, starfstengd netnámskeið, nám til eininga og réttinda, ráðstefnugjald erlendis og innanlands og tungumálanámskeið. Stjórnendapjálfun og starfstengd markpjálfun að hámarki 12 tíma innan almanaksárs telst einnig undir starfstengdan styrk. Á

reikningi fyrir stjórnendabjálfun og starfstengdrar markbjálfunar verður að koma fram að bjálfunin sé starfstengt og fjöldi tíma.

Starfstengt netnám: Vegna netnámskeiða þarf námskeiðið að hafa skilgreint upphaf, endi og vera með leiðbeinanda. Sjóðurinn styrkir ekki áskrift.

Vegna starfstengdra ráðstefna erlendis og innanlands þarf dagskrá ráðstefnu að fylgja umsókn og tengill á heimasíðu. Einnig skal fylgja rökstuðningur um tengingu við starf ef það er óljóst. Ráðstefnugjaldið er styrkhæft, en hvorki gisting né uppihald.

Skilyrði fyrir starfsmenntastyrk er að félagsmaðurinn greiði sjálfur námskeiðsgjald/ráðstefnugjald og þurfa greiðslukvittanir að fylgja umsóknum.

Uppsafnaður styrkur: Hafi félagsmaður ekki fengið styrk úr sjóðnum (hvorki til starfs- eða tómsundanáms) sl. 36 mánuði getur uppsafnaður styrkur til starfsnáms orðið kr. 270.000 og miðast við 75% styrk fyrir einu samfelldu námi. Aðeins er hægt að sækja um styrkinn í einu lagi. Greiðslur til sjóðsins þurfa að hafa borist að lágmarki í 30 mánuði af síðustu 36 mánuðum fyrir dagsetningu umsóknar og uppfylla auk þess skilyrði 1. mgr. 5. gr. starfsreglna þessara. Miðað er við byrjunarlaun afgangslufólks í 100% starfi á tímabilinu.

6. Tómsundastyrkur: Veittur er 50% styrkur af námskeiðsgjaldi að hámarki kr. 20.000 á ári. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk. Tómsundastyrkur nær eingöngu til tómsundanámskeiða innanlands. Skilyrði er að námskeiðið hafi skilgreint upphaf og endi og sé með leiðbeinanda.
7. Ferðastyrkur: Veittur er 50% styrkur af ferðakostnaði að hámarki kr. 30.000 á ári sem dregst frá hámarksstyrk. Sæki félagsmaður starfstengt nám, námskeið, starfstengda heimsókn til fyrirtækis eða ráðstefnu utan lögheimilis, getur hann sótt um ferðastyrk fyrir helmingi fargjalds ef vegalengdin milli heimilis og fræðslustofnunar er að lágmarki 50 km. Skilyrði fyrir veitingu ferðastyrks er að félagsmaður greiði ferðakostnað í tengslum við starfstengt nám, námskeið, starfstengda heimsókn til fyrirtækja eða ráðstefnu og skili inn staðfestingu á þátttöku þegar þátttökugjald er ekki innheimt. Dagskrá verður að fylgja umsóknum vegna starfstengdra heimsókna í fyrirtæki og ráðstefna. Í dagskrá vegna starfstengdra heimsókna í fyrirtæki verður að koma fram hvaða staðir eru heimsóttir, hvert efni kynningar er á hverjum stað og tímasetningar. Einnig þar að skila inn staðfestingu á þátttöku í formi áritaðs bréfs frá yfirmanni eða umsjónarmanni ferðarinnar. Í bréfinu skal ferðinni lýst og tilgangur hennar útskýrður.

Ferðist viðkomandi á eigin bíl getur hann sótt um ferðastyrk, sem nemur 50% af kílómetragjaldi. Við útreikning á kílómetragjaldi er stuðst við akstursgjald Fjármála- og efnahagsráðuneytis ríkisins hverju sinni.
8. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar eða uppihalds, sölu/vörusýninga, starfsbjálfunar, meðferða, árgjalda, bóka- og námsgagna.
9. Stigaeign félagsmanna úr eldra kerfi fyrnist á einu ári. Ný stig myndast ekki eftir 1. janúar 2016 en hægt er að nýta stigaeign þar til hún fellur niður. Félagsmenn sem sækja um samkvæmt nýjum reglum geta ekki sótt um samkvæmt eldri reglum síðar.
Eldra kerfið miðast áfram við að hámarki 50% endurgreiðsluhlutfall en 75% vegna náms, sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem metið er til styttingar á námi í framhaldsskóla og vegna íslenskunáms fyrir útlendinga.
10. Sá sem reynist hafa gefið rangar eða villandi upplýsingar við styrkumsókn, eða leynir upplýsingum, missir rétt til styrks. Heimilt er að endurkrefja viðkomandi um allan styrkinn auk dráttarvaxta.

Styrkir til fyrirtækja/stéttarféлага

11. Fyrirtæki sem greitt hafa iðgjöld í sjóðinn í 12 mánuði og eru í skilum, eiga rétt á styrk. Fyrirtækin sækja um styrk á www.attin.is sem er sameiginlegi vefgátt 8 starfsmenntafélaga.
12. Umsækjendur skulu fylla út rafræna umsókn sem hægt er að nálgast á www.attin.is, þar sem allar upplýsingar um námskeiðið koma fram. Með umsókn skal fylgja listi með nöfnum og kennitölum þeirra starfsmanna sem sóttu námskeiðið og skal þar tilgreint hvaða stéttarfélagi viðkomandi tilheyrir ásamt greiðslukvittun. Reikningar vegna námskeiðsgjalds mega ekki vera eldri en eins árs.
13. Styrkur til fyrirtækis getur orðið að hámarki 50 % af greiddum iðgjöldum til sjóðsins á 36 mánaða tímabili. Styrkurinn skal þó ekki vera hærri en sem nemur 75% kostnaðar námskeiðshaldara og að hámarki kr. 90.000.- á hvern starfsmann sem er félagsmaður í VR/ LÍV.
14. Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar kr. 500.000.- eða meira. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengt nám. Félagsmáður sækir um styrkinn í gegnum sitt stéttarfélag. Með umsókn verður að fylgja: Greiddur reikningur, lýsing á náminu og undirrituð yfirlýsing frá fyrirtækinu. Í yfirlýsingunni skal koma fram að um sé að ræða sameignleg umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun starfsmannsins. Við samþykkt umsóknar dregst styrkþæðn af rétti bæði félagsmanns og fyrirtæki. Hámarksstyrkur getur orðið samtals sem nemur hámarksrétti einstaklings og hámarkssrétti fyrirtækis.

Aðrir styrkir og verkefni

15. Önnur verkefni stjórnar sjóðsins eru m.a. að vinna að námsefnisgerð og gerð kynningarefnis. Samningsaðilar, saman eða hvor í sínu lagi geta sótt um styrki.

Stjórn sjóðsins

16. Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 19. nóvember 2002 og endurskoðaðar 7. ágúst 2003, 19. nóvember 2003, 16. mars 2007, 18. nóvember 2015, 14. mars 2016, 23. nóvember 2016, 7. mars 2017, 13. september. Stjórn áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum án fyrirvara. Starfsreglurnar miðast við stöðu sjóðsins hverju sinni, þ.e. hversu mikið og hversu margir sækja um hverju sinni.